

Fundur haldinn í samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 6. maí 2013 kl. 14:00

Fundurinn er símafundur, mætt voru Sigurður Pétursson Ísafjarðarbæ, formaður, , Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Tálknafjarðarhreppi, Guðbrandur Sverrisson Kaldrananeshreppi, og Gústaf Jökull Ólafsson Reykhólahreppi.

Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV sem einnig ritaði fundargerð.

Framkvæmdarstjóri lagði fram minnisblað um almenningssamgöngur og tillögur að næstu skrefum.

Efnisatriði minnisblaðs rædd og eftirfarandi samþykkt:

1. Endursemjja skal um áætlunarakstur milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, áætlunarakstur á flugvöllinn á Ísafirði og áætlunarakstur á flugvöllinn á Bíldudal.
2. Gerð verði úttekt á fyrirkomulagi um akstur á milli Súðavíkur og Ísafjarðar.
3. Samþykkt að bjóða ekki út sérleyfi milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar að sumarlagi. Er sú leið einungis rekin að sumarlagi og verður því leyfður frjáls akstur á þeirri leið. Sú ákvörðun verði endurskoðuð þegar Dýrafjarargöng verða opnuð.
4. Samþykkt að bjóða ekki út sérleyfi milli Ísafjarðar og Hólmavíkur að sumarlagi. Er sú leið einungis rekin að sumarlagi og því verði leyfður frjáls akstur á þeirri leið.
5. Farið verði í fýsileikakönnun á þörf fyrir akstur og þarfagreiningu á ökutækjum til að skoða möguleika á akstri á milli Brjánslækjar / Patreksfjarðar og Ísafjarðar/Hólmavík í þeirri leið væri Súðavík inn í skipulagi aksturssins.
Þegar fýsileikakönnun hefur verið unnin verður hún lögð fyrir Vegagerðina og Innanríkisráðuneytið til að leitast eftir að fá aukna fjármuni í verkefnið.
6. Sérleyfi Búðadalur – Hólmavík. Kannað verði möguleiki um að koma á upphringiakstri á Reykhóla þar sem ekki hefur verið forsenda fyrir föstum áætlunarakstri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00